



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Vinnulag nokkurra grunnskóla samkvæmt athugun umboðsmanns barna

Umboðsmaður barna sendi tölvupóst til allra grunnskóla í október 2011 og óskaði eftir upplýsingum um nemendafélög og aðkomu nemenda að skólaráðum. Nemendur og skólastjórnendur hafa gjarnan ólíka sýn á skólastarfið og leitaði því umboðsmaður barna bæði til skólastjóra og formanna nemendafélaga grunnskólanna og óskaði eftir að þeir svöruðu í sameiningu, ef kostur væri, nokkrum spurningum um nemendafélög og aðkomu nemenda að skólaráði skv. 8. og 10. gr. laga um grunnskóla 91/2008 og reglugerðar um skólaráð við grunnskóla nr. 1157/2008. Lög um grunnskóla nr. 91/2008 tóku gildi 1. júlí 2008 og höfðu grunnskólar landsins því starfað eftir þeim í þrjú ár þegar tölvupóstur umboðsmanns barst.

Tilgangur þessa tölvupósts var að safna upplýsingum og dæmum um góð vinnubrögð og sjá hvernig grunnskólar væru að starfa eftir lögunum frá árinu 2008 þegar kemur að lýðræðislegri aðkomu nemenda að skólastarfi. Auk þess vonaði umboðsmaður barna að fyrirspurn af þessu tagi gæti orðið til þess að ýta við þeim skólum sem ekki voru búnir að innleiða ný vinnubrögð í samræmi við nýju lög. Einnig voru allar upplýsingar um það hvernig er unnið með þátttöku nemenda í skólasamfélaginu og lýðræði í skólanum vel þegnar.

Svör bárust frá 35 grunnskólum alls staðar af landinu. Við vinnslu upplýsinganna kom í ljós að í einum skólanum voru börn á aldrinum tveggja til níu ára og áttu flestar spurningarnar því ekki við starfsemi þess skóla. Er því tekið mið af svörum frá 34 skólum. Hér á eftir verða spurningarnar og svör við þeim birt.

1. Hvernig er starfsemi nemendafélags kynnt nemendum?

Þegar spurt var hvernig starfsemi nemendafélags var kynnt nemendum voru í langflestum tilfellum kynningar fyrir nemendur haldnar fyrir kosningar og fóru kynningarnar yfirleitt fram í bekkjum. Það eru ýmist umsjónarkennarar, kennarar sem tengjast félagslífi nemenda eða nemendur sjálfir sem sjá um kynningar. Hér að neðan má sjá nokkur góð dæmi um það hvernig kynningarnar fóru fram:

- Myllubakkaskóli: Nemendafélagið var kynnt á skólasetningu. Auglýst var á auglýsingatöflu og göngum skólans eftir fulltrúum í nemendaráð. Umsjónarmaður félagsstarfs dreifði blöðum í alla bekki þar sem nemendur gátu sótt um að gerast fulltrúar í nemendaráði. Skilyrði voru að nemendur sýndu góða hegðun og hvorki reyktu né notuðu áfengi eða önnur vímuefni.
- Foldaskóli: Nemendur hafa fengið leyfi til að ganga í bekki og kynna hvað er á döfinni. Félagsmálakennari, umsjónarkennarar og starfsmenn ÍTR hafa einnig aðstoðað við að kynna þá starfsemi sem nemendafélagið stendur fyrir. Nemendur kynna starfsemi með veggspjöldum, á facebook og á heimasíðu Fjörgynjar, félagsmiðstöðvarinnar. Fundargerðir eru settar á heimasíðu skólans.
- Laugarnesskóli: Allir nemendur fá kynningu á starfsemi nemendafélagsins sem er kallað Hugmyndaráð. Það er einn kennari skólans sem sér um félagið og hann sendi kynningarpóst á alla kennara sem sjá um að kynna starfið í sínum bekkjum.


- Garðaskóli: Starfsemin er kynnt á heimasíðu skólans, á auglýsingaskjá við skrifstofu skólans og í munnlegum kynningum sem nemendaráðsfulltrúar annast inn í umsjónarbekkjum. Einnig kynntu skólastjórar nemendaráðið fyrir öllum nemendum skólans í lífsleiknitímum.
- Grunnskóli Húnabings vestra: Fulltrúar nemendaráðs ræða vikulega málefni í bekkjum og svara spurningum.
- Sunnulækjaskóli: Gengið er í bekki og hengdar upp auglýsingar í skólanum. Einnig er félagið með facebook síðu þar sem viðburðir og starfsemi er kynnt.
- Ölduselsskóli: Með því að ganga í bekki og hengja upp plaköt.

2. Um fyrirkomulag kosninga nemenda í stjórn nemendafélags.

a. Hvaða árgangar eiga kost á að bjóða sig fram?

Í svörum frá skólanum var mjög mismunandi hvaða árgangar eiga kost á að bjóða sig fram í stjórn nemendafélagsins. Í þeim skólum þar sem elstu árgangarnir geta ekki boðið sig fram var um að ræða skóla sem ekki eru með unglingadeildir. Niðurröðunin var eftirfarandi:

- 2.-6. bekkur – 1 skóli
- 1.-7. bekkur – 1 skóli
- 4.-7. bekkur – 1 skóli
- 5.-7. bekkur – 1 skóli
- 4.-10. bekkur – 1 skóli
- 5.-10. bekkur – 1 skóli
- 6.-10. bekkur – 7 skólar
- 7.-10. bekkur – 3 skólar
- 8.-10. bekkur – 17 skólar
- Ekki svarað – 1 skóli



Í athugasemd um 10. gr. grunnskólalaga segir að eðlilegt sé að hver skóli þrói skipan mála eftir því sem hentar í skólanum með nemendalýðræði og þáttökulýðræði að leiðarljósi. Ekki er sérstaklega bundið í lög að stjórn skuli skipuð fulltrúum úr öllum árgöngum skólans en eðlilegt er að fulltrúar allra árganga geti tekið þátt í starfi félagsins eftir því sem þroski nemenda leyfir.

b. Hvernig eru framboð kynnt nemendum?

Í mörgum tilfellum voru allir nemendur í bekknum í framboði og þess ávallt gætt að allir bekkir ættu sér fulltrúa í nemendaráði. Í flestum tilfellum voru frambjóðendur kynntir í bekkjum

sínum og kosnir innan bekkjarins. Hér að neðan má sjá nokkur góð dæmi um það hvernig framboð voru kynnt:

- Naustaskóli: Auglýst er eftir framboðum frá nemendum og gefinn ákveðinn framboðsfrestur. Að loknum framboðsfresti er hengdur upp listi þar sem fram koma nöfn þeirra sem hafa boðið sig fram, jafnframt gefst frambjóðendum kostur á að hengja upp eitt „áróðursspjald“ til kynningar á sér og sínum stefnumálum. Þegar komið er að kosningum er svo haldinn fundur þar sem frambjóðendum gefst kostur á að taka til máls og kynna sig.
- Hrafnaqilsskóli: Framboðin eru fyrst kynnt á sameiginlegum fundi á unglingsstigi. Síðan flytja þeir sem hafa áhuga á framboði framboðsræður og að þeim loknum fer kosning fram.
- Foldaskóli: Félagsmálakennari heldur utan um nemendafélagið og vinnur með nemendum að kynningu kosninga og framboðs. Gengið er í bekk og settar upp tilkynningar. Oft eru umsjónarkennarar fengnir með í lið til að ræða við umsjónarhópa sína.
- Grunnskóli Seltjarnarness: Með auglýsingum, t.d. veggspjöldum og framboðsræðum.
- Grunnskóli Fjallabyggðar: Umsjónarmaður félagslífs skólans og forstöðumaður félagsmiðstöðvar kynna fyrir nemendum hlutverk nemenda- og félagsmiðstöðvarráðs. Þeir nemendur sem vilja bjóða sig fram skrá sig í framboð. Frambjóðendur kynna sig og halda stuttar framboðsræður á framboðsfundi.
- Grunnskóli Húnaþings vestra: Með auglýsingum og opnum kynningarfundum á kjördag.
- Njarðvíkurskóli í Reykjanesbæ: Framboð er kynnt nemendum með ræðum á sal af þeim sem bjóða sig fram.

c. Hvernig fer kosning fram?

Langflestir skólar voru með leynilega skriflega kosningu í bekk. Það sem kom helst á óvart við skoðun á svörum var að í örfáum tilfellum var dregið um það hverjir myndu fá sæti í stjórn nemendafélagsins. Hér að neðan má sjá nokkur góð dæmi um það hvernig kosningar fara fram:

- Valsárskóli: Kosið er leynilega í hverja stöðu fyrir sig þannig er formaður fyrst kosinn og síðan koll af kalli.
- Njarðvíkurskóli í Reykjanesbæ: Kosning nemenda hefur farið þannig fram að eftir framboðsræður hafa nemendur fengið kjörmiða í hendurnar sem þeir skila í kjörkassa.
- Naustaskóli á Akureyri: Útbúinn er kjörseðill og nemendur rita á hann nafn eins fulltrúa úr hverjum árgangi. Allir nemendur í 4.-10. bekk mega kjósa fulltrúa úr öllum þessum árgöngum.
- Foldaskóli: Félagsmálakennari sem hefur tekið við framboði og útbýr kosningamiða. Kosningar fara fram á sama tíma hjá öllum í kennslustund.
- Grunnskólinn Suðureyri: Leynileg kosning og kennari ásamt tveimur nemendum sjá um talningu, allt fyrir opnum tjöldum. Í vetur óskuðu nemendur eftir því að allir 9.-10. bekkingar skipuðu ráðið, en alls eru átta nemendur í þessum hóp. Það var samþykkt.

3. Um starfsreglur um kosningu fulltrúa nemenda í skólaráð.

a. Hefur nemendafélagið sett sér starfsreglur?


Svörin við þessari spurningu voru:

Já: 12

Nei: 17

Ekki svarað: 4


Skýrar reglur en ekki birtar: 1



Í 2. mgr. 10. gr. laga um grunnskóla segir að nemendafélag hvers skóla setji sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráði. Umboðsmaður hefði því viljað sjá fleiri skóla svara þessari spurningu játandi.

b. Hafa nemendum verið kynntar starfsreglur nemendafélagsins um kosningu fulltrúa í skólaráð?

Með þessari spurningu var tilgangurinn að kanna hvort að hinum almenna nemenda væru kynntar starfsreglur nemendafélagsins um kosningu fulltrúa í skólaráð. Af svörum skólanna má þó ráða að nemendum séu kynntar reglurnar eftir kosningar í stjórn nemendafélagsins. Í 12 skólum af 34 var nemendum kynntar reglurnar en ekki í 18 skólum. Fjórir skólar svöruðu ekki spurningunni.



Hér að neðan má sjá nokkur áhugaverð svör.

- Giljaskóli: Reynslan er sú að nemendur sem bjóða sig fram og hljóta kosningu í stjórn nemendafélags kæra sig sjaldnast um að sitja í skólaráði. Talsmaður nemenda hefur

Því oftast þurft að leita til annarra nemenda og óska eftir því við þá að taka sæti í skólaráði.

- Lágafellsskóli: Já, kynnt í bekkjum.
- Grunnskóli Húnaþings vestra: Nemendum hafa verið kynntar reglur í fréttabréfi og á fundum í hverjum bekk.

4. Nefnið dæmi um mál sem nemendafélagið hefur unnið að

Mörg góð dæmi um viðfangsefni nemendafélaganna bárust umboðsmanni. Langflestir nefndu félagslíf nemenda en í mörgum svörum var sagt frá öðrum áhugaverðum verkefnum. Hér að neðan eru nokkur góð dæmi um svör:


- Garðaskóli: Nemendafélagið hefur unnið að úrbótum í mótuneytismálum, komið hugmyndum á framfæri til arkitekta sem hanna breytingar á skólahúsnæðinu og komið hugmyndum á framfæri til garðyrkjustjóra um úrbætur á skólalóðinni (fleiri bekkir, betri gönguleiðir, snyrtilegra umhverfi).
- Lágafellsskóli: Bætt umgengni og hegðun, skipuleggur félagslíf 6.-10. bekkja, dagleg gangbrautarvarsla nemenda 10. bekkjar.
- Myllubakkaskóli: Nemendafélagið sér um félagsstarf skólans í samstarfi við umsjónarmann félagsstarfsins og á það líka við starf fyrir yngri nemendur. Nemendaráð sér um leiki og dans og ýmislegt fyrir nemendur undir umsjá starfsmanns.
- Giljaskóli: Umsagnir og álit í tengslum við viðfangsefni skólaráðs. Umfjöllun um skipulag ýmissa þátta sem snúa sérstaklega að nemendum. Áherslur í tengslum við aga- og samskiptamál. Uppbyggingarstefna. Skipulagning og umsjón með sérstökum viðburðum svo sem náttfatadegi, hattadegi, íþróttadegi, íþróttakeppnum innan skóla og milli skóla, spurningakeppni
- Lauganesskóli: Tilbreytingardagar einu sinni í mánuði, koma hugmyndum til foreldraráðs, heilsudagar í maí, skólapeysusala, skoðanakannanir um kosti og galla skólans, funda einu sinni í viku.
- Varmáarskóli: Nemendafélagið skipuleggur dagskrá fyrir félagsmáltíma nemenda í 7.-10. bekk í samvinnu við umsjónarmann þess. Einnig hefur nemendafélagið séð um skráningar á ýmsa atburði fyrir Hús frítímans (félagsmiðstöðina á Sauðárkróki sem nemendur hér hafa aðgang), nemendafélagið hefur undirbúið diskótek sem haldin eru einu sinni í mánuði, einnig eru nemendur 8.-10. bekkja í nemendafélaginu fulltrúar í unglingaráði sem er sameiginlegt ráð unglunga fyrir allan Skagafjörð sem Hús frítímans heldur utan um.
- Valsárskóli: „Öðruvísi“ dagar í skólanum, skemmtanir af ýmsu tagi, söngstundir, hafragrautur í morgunmat.
- Sunnulækjarskóli: Fyrir hver jóla skipuleggur nemendafélagið jólakökubakstur sem fer fram í skólanum og allir nemendur taka þátt í. Þetta er maraþon sem stendur frá því skólinn er búinn og til miðnættis. Að bakstri loknum eru kökurnar gefnar á sjúkrahúsið, elliheimilið og til kirkjunnar. Þetta er dæmi um gott málefni sem nemendafélagið og skólinn vinna saman að og hefur gefið góða raun síðustu ár.
- Grunnskóli Seltjarnarness: Nemendafélagið hefur áhrif á matseðil í mótuneyti (innan vissra marka), stendur fyrir skemmtanalífi innan skólans, stendur fyrir ýmsum söfnunum, kemur með hugmyndir að ýmsum uppákomum í skólanum, kemur með ábendingar um það sem betur má fara í skólanum, hefur staðið fyrir jafningjafræsðlu í tengslum við samskipti o.fl. Þess ber að geta að nemendur taka lýðræðislegar ákvarðanir varðandi allt félagslíf skólans og njóta til þess stuðnings starfsmanna. Einnig eru haldnir fundir með hverjum árgangi einu sinni á ári þar sem nemendur geta komið með hugmyndir að því hvað betur má fara í skólanum og benda á það sem vel er gert. slíkir fundir hafa skilað nemendum nýjum valgreinum og breyttu fyrirkomulagi í kringum íþróttatíma svo eitthvað sé nefnt.
- Seláskóli: Nemendur komu á framfæri óskum um bættu aðstöðu á leikvelli til yfirmanna borgarinnar.

- **Naustaskóli á Akureyri:** Ýmis hagsmunamál nemenda hvað varðar aðbúnað o.p.h. Skipulagning á ýmsum uppákomum, t.d. skipuleggur nemendaráð einn dag á ári, nemendadaginn, en þá er skólastarfið lagað að óskum nemenda o.fl. Ekki er um að ræða formlegar fundargerðir á öllum fundum nemendaráðs en fundargerðir þeirra funda sem eru færðir til bókar eru aðgengilegar á heimasíðu Naustaskóla.
- **Foldaskóli:** Nemendafélagið kemur m.a. að skipulagningu félagsstarfs í skóla og félagsmiðstöð. Fulltrúar úr nemendaráði hafa sótt fundi og námskeið um ýmislegt sem viðkemur nemendum og því starfi sem þeir koma að. Í vetur sitja fjórir fulltrúar í sameiningarráði vegna fyrirhugaðs safnskóla í sunnanverðum Grafarvogi á næsta ári.
- **Hrafnagilsskóli:** Nemendaráð Hrafnagilsskóli kemur að allri skipulagningu á félagsstarfi skólans en starf félagsmiðstöðvar heyrir undir skólann. Sem dæmi má nefna umgengni um hljómflutningstæki, borðtennisaðstöðu eða fartölvur. Ef upp kemur ítrekað að ekki hafi verið fylgt þeim starfsháttum sem búið var að samþykkja þá koma nemendur að því að finna lausn á því í stað þess að stjórnendur skólans taki einhliða ákvörðun um lausn málsins.
- **Hofstaðaskóli:** Tillögur nemenda komu fram á fyrsta fundi haustsins um það sem betur mátti fara í skólanum. Allar hugmyndir voru skráðar niður og síðan fóru skólastjórnendur yfir hugmyndirnar og er þegar búið að koma sumum í framkvæmd, aðrar eru í vinnuferli og sumar eru ekki á dagskrá. Dæmi um það sem búið er að framkvæma er að koma fyrir ruslafötum á salernum þar sem engar voru, sápu í skólastofum. Þá kom fram ósk um að laga grindverk við battavöll og er þegar búið að lagfæra það.
- **Grunnskóli Hornafjarðar:** Nemendafélagið vinnur fyrst og fremst við að bæta skólabrag, vinna að því að allir séu góðir við hvern annan, bera virðingu fyrir öðrum. Það sér um dagskrá í frímínútum, s.s. spurningakeppni og fleira.

Umboðsmanni þykir gott að sjá að nemendur hafi áhrif á aðbúnað á vinnustað sínum og að hagsmunamál þeirra snúist um fleira en félagslíf sem lengi hefur verið það sem nemendafélögin hafa mest fjallað um.

5. Eiga nemendur fulltrúa í skólaráði? Ef ekki, af hverju?

Flestir skólar fara eftir lögum og nemendur eiga fulltrúa í skólaráði. Í 29 skólum áttu nemendur tvo fulltrúa í skólaráði og uppfylla þar með lagaskyldu. Í fjórum skólum áttu nemendur einungis einn fulltrúa í skólaráði og einn skóli svaraði ekki þessari spurningu.



6. Hafa kennarar eða starfsfólk valið nemendur í skólaráð? Ef svo er, af hverju?

Með ofangreindri spurningu var verið að kanna hvernig nemendur eru valdir í skólaráð. Í 27 skólum velja nemendur sjálfir fulltrúa sína í skólaráði en í sex skólum höfðu kennarar eða annað starfsfólk valið nemendur í skólaráð. Einn skóli svaraði ekki spurningunni.



Hér eru nokkur dæmi um svör:

- Ölduselsskóli: Nemendaráð og félagstarfskennari koma með tillögur að nemendum sem þeir telja að geti unnið gott starf í skólaráði.
- Njarðvíkurskóli í Reykjanesbæ: Hefðin er að formaður nemendaráðs sitji í skólaráði ásamt einum nemenda úr 9. bekk. Stjórnendur ásamt umsjónarmanni félagsstarfa hafa beðið einn nemenda úr 9. bekk að sitja í skólaráði og er reynt að velja þroskaðan einstakling sem þorir að láta í sér heyra á skólaráðsfundum.
- Lágafellsskóli: Nei, bekkjarfulltrúar velja úr sínum hópi í leynilegri kosningu.
- Giljaskóli: Reynslan er sú að nemendur sem bjóða sig fram og hljóta kosningu í stjórn nemendafélags kæra sig sjaldnast um að sitja í skólaráði. Talsmaður nemenda hefur því oftast þurft að leita til annarra nemenda og óska eftir því við þá að taka sæti í skólaráði.
- Djúpavogsskóli: Já, skólastjóri velur. Til að tryggja flæði upplýsinga frá fundi í nemendaráði og þaðan til annarra nemenda.
- Grunnskólinn á Þórshöfn: Skólaráð var skipað við skólann sl. vetur og þá völdu kennarar fulltrúa úr stjórn nemendafélagsins til setu í skólaráði.


Umboðsmaður gerir sér grein fyrir því að það er mikilvægt að nemendur fái leiðbeiningar um það hvernig er best að standa að kjöri fulltrúa nemenda í skólaráð þannig að þangað veljist einstaklingar sem hafa áhuga á því að vera fulltrúar allra árganga og vinna að ýmis konar hagsmunamálum nemenda. Umboðsmanni telur hins vegar almennt ekki rétt að kennarar eða starfsfólk velji nemendur í skólaráð heldur aðstoði nemendur frekar við að velja/kjósa sína eigin fulltrúa.

7. Sitja fulltrúar nemenda alla fundi skólaráðs? Ef ekki, af hverju?

Samkvæmt þeim svörum sem bárust umboðsmanni er algengast að fulltrúar nemenda sitji alla fundi skólaráðs. Í 25 skólum sitja fulltrúar nemenda alla fundi skólaráðs en í þremur skólum eru fulltrúar boðaðir en mæta ekki alltaf. Þrjú skólar svöruðu ekki spurningunni og í þremur skólum var svarið nei. Athygli vakti að í svari eins skóla sagði að nemendur sátu alla

fundi skólaráðs sem snerta málefni þeirra og vekur það upp spurningar um það hver ákveði hvaða málefni snerti ekki beint hagsmunum þeirra.

Í 5. gr. reglugerðar um skólaráð segir að skólastjóri geti, að höfðu samráði við nemendur og aðra fulltrúa í skólaráði, leyst fulltrúa nemenda undan setu í skólaráði, t.d. þegar mál eru á vinnslustigi og þegar verið er að fjalla um mál þar sem nemendur telja sig ekki hafa forsendur til þátttöku. Fulltrúar nemenda hafa þó ávallt rétt á að taka þátt í starfi skólaráðs. Fulltrúar foreldra í skólaráði gæta hagsmuna nemenda þegar þeir, vegna aldurs eða þroska, geta ekki tekið þátt í störfum skólaráðs. Umboðsmanni finnst mikilvægt að allir viti að fulltrúar nemenda í skólaráði megi víkja af fundi eða sleppa fundum þar sem ræða á málefni sem nemendur hafa ekki áhuga á eða forsendur til að ræða. Seta í skólaráði ætti að vera eftirsóknarverð og það verður hún líklega ekki ef henni fylgir kvöð til að sitja alla fundi. Einnig voru tveir skólar sem sögðu að nemendur sátu alla fundi skólaráðs en þó ekki þegar verið væri að ræða sérstök mál, t.d. ráðningu kennarar eða einstaka mál barna eða kennara. Samkvæmt reglugerð um skólaráð við grunnskóla (2. gr.) á skólaráð reyndar ekki að fjalla um málefni einstakra nemenda, foreldra eða starfsfólks skóla. Það vakti þó athygli að í svari eins skólans sagði að nemendur sætu ekki fundi skólaráðs vegna þess að þar líði þeim ekki vel. Mikilvægt er að þeir fullorðnu sem sitja í skólaráði leggi sig fram við að bjóða nemendur velkomna og að þeim líði vel á fundunum og finni að skoðanir þeirra skipta máli.



8. Nefnið dæmi um erindi sem fulltrúar nemenda hafa borið upp í skólaráði og gerið í stuttu máli grein fyrir afgreiðslu þeirra.

Svörin við þessari spurningu voru mjög fjölbreytt. Hérna eru nokkur dæmi um góð vinnubrögð:

- Djúpavogsskóli: Óskir um aðstoð við að fá húsnæði fyrir félagsmiðstöð og starfsmann í ca. 20% starf. Málið er í vinnslu hjá sveitarstjórn.
- Reykjahlíðarskóli: Á haustfundinum þar sem við vorum m.a. að undirbúa fund fyrir skólasamfélagið komu nemendur með tvö mál sem þeir vildu ræða við foreldra um, þ.e. ljótt orðbragð barna og notkun tölvuleikja. Krakkar eru hættir að leika sér úti og tala aðallega um tölvuleiki. Fulltrúar nemenda í skólaráði vildu opna augu foreldra fyrir þessu vandamáli.
- Grunnskóli Snæfellsbæjar: Erindi kom upp um það að fá salatbar með máltíðum í hádegi, sem varð úr.
- Laugargerðisskóli Snæfellsnesi: Að auka samstarf við aðra skóla, það er komið af stað.

- **Grunnskóli Seltjarnarness:** Nemendur lögðu t.d. til að keyptir yrðu sófar á gangana fyrir nemendur og það gekk eftir. Nemendur gagnrýndu einnig salernisaðstöðu í skólanum og það mál er á borði bæjarstjórnar og hefur verið þar í tvö ár. Teiknivinnu er lokið en vegna samdráttar í samfélaginu hefur framkvæmdum verið frestað.
- **Grunnskóli Fjallabyggðar:** Tillaga kom fram á skólaráðsfundi frá fulltrúum nemendaráðs sum að breyta stundaskrá skólans milli ára. Nemendur vildu byrja fyrr á morgnana. Skólaráð ályktaði um þetta og var farið að tillögu nemenda nú á þessu skólaári.
- **Selásskóli:** Þeir lögðu fyrir beiðni um að skrifað yrði bréf í nafni skólaráðs til yfirvalda til að bæta aðstöðu á skólalóð og sett yrði boltagerði. Bréfið var síðan sent.
- **Njarðvíkurskóli í Reykjanesbæ:** Fulltrúar nemenda tóku þátt í gerð skólareglna og skólasáttmála skólans. Óskuðu eftir að nemendur í 10. bekk hefðu afdrep í frímínútum og hádegishléi og var útbúið sérstakt 10. bekkjarhorn. Óskuðu eftir að fá að skipuleggja í þóttadag hjá eldri nemendum og gerðu það með stakri þryði. Fulltrúi nemenda í skólaráði var með í ráðum þegar velja átti lit á skólann þegar skólinn var málaður síðast.
- **Borgaskóli:** Fulltrúar nemenda hafa borið upp málefni sem tengjast aðstöðu þeirra í hléum. Afgreiðsla var sú að það var stækkað og lokað af rými sem þeir höfðu á daginn. Þetta rými fékk félagsmiðstöðin sem sitt svæði og nemendur fengu afnot af því í morgun- og hádegisverðarhléi. jafnframt var bókasafnið opnað í hádeginu og þar geta nemendur lært, lesið blöð og/eða bækur, komist í tölvur, telft eða spilað.


Umboðsmaður er ánægður að sjá svona fjölbreytt dæmi um erindi frá nemendum í skólaráði og að tillögur þeirra hafi hlotið góðar móttökur í skólaráði og í einhverjum tilfellum náð fram að ganga.

9. Eru fundargerðir skólaráðs aðgengilegar á vef skólans?

Svörin við þessari spurningu voru:

Já: 26

Nei: 7



Það þarf ekki að fjölyrða um mikilvægi þess að fundargerðir skólaráðs séu birtar á vef skólanna enda kveður 4. gr. reglugerðar um skólaráð á um að halda skuli gerðabók um skólaráðsfundi og að fundargerðir skuli liggja frammi í skólanum og á vef skóla. Það er hagsmunamál allra aðila skólasamfélagsins að upplýsingar um störf skólaráðs og framgang

tillagna séu aðgengilegar fyrir alla þá sem hafa áhuga á því að kynnar sér skólann, skólabrag og áhrif annarra en beinna stjórnenda á skólastarfið.

10. Hvað fundar skólaráðið oft á einu skólaári?

Svör skólanna voru nokkuð mismunandi og bar mikið á að gefin væru upp nokkuð óljós svör og í þeim tilfellum var stuðst við efri tölu. Umboðsmaður telur að til þess að skólaráð geti sinnt hlutverki sínu þurfi það að funda reglulega yfir skólaárið og er þá ágæt regla að miða t.d. við einn fund í mánuði. Flestir svöruðu að skólaráð fundaði einu sinni í mánuði sem telst vera níu fundir á skólaári.

Tveir fundir: 6
Þrjú fundir: 4
Fjórir fundir: 5
Fimm fundir: 2
Sex fundir: 5
Átta fundir: 2
Níu fundir: 8
Tíu fundir: 1
Ekki ljóst: 1
Ekki svarað: 1



11. Fundar skólaráð með stjórn nemendafélagsins? Ef svo er, hversu oft á ári?

Svörin við þessari spurningu voru:

Já, einu sinni: 1
Já, tvisvar sinnum: 5
Nei: 27
Ekki svarað: 1




Samkvæmt 8. gr. laga um grunnskóla skal skólastjóri boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári. Samkvæmt svörum sem bárust virðast skólastjórar ekki átta sig á þessari skyldu sinni samkvæmt lögnum. Umboðsmaður vonar að þetta breytist eftir því sem lengra líður frá gildistöku hinnar nýju menntastefnu.

12. Heldur skólaráð opinn fund um málefni skólans fyrir aðila skólasamfélagsins? Ef svo er, hvaða málefni eru tekin fyrir á slíkum fundi/fundum?

Í meirihluta skólanna heldur skólaráð ekki opinn fund um málefni skólans eins og á að gera skv. 4. gr. reglugerðar um skólaráð. Aðeins í einu svari kom fram hvaða málefni væru tekin fyrir á slíkum fundi og var þá um að ræða stefnumótun skólans, foreldrasamstarf og á þessu ári átti að ræða um heilsuefandi skóla (Laugarnesskóli). Tveir af þeim skólum sem svöruðu neitandi sögðu að til stæði að bæta úr því. Annars voru svörin við þessari spurningu:

Já: 6
Nei: 28



Umboðsmaður vonar að fyrirspurn sín verði til þess að ýta við þeim skólum sem ekki hafa haldið opinn fund um málefni skólans fyrir aðila skólasamfélagsins.